

FUNDARGERÐ

250. fundur Heilbrigðisnefndar Norðurlands eystra haldinn miðvikudaginn 30. júlí 2026, kl. 11:00 í gegnum Teams

Mætt

Úr heilbrigðisnefnd:

Þórhallur Harðarson
Anna Karen Úlfarsdóttir
Kristín Halldórsdóttir
Ásrún Ýr Gestsdóttir
Ómar Gunnarsson
Sigríður Friðný Halldórsdóttir

Starfsmenn:

Leifur Þorkelsson

Dagskrá

1. Ný heilbrigðisnefnd tekur til starfa
2. Starf heilbrigðisnefndar og heilbrigðiseftirlits
3. Fyrirhugaðar lagabreytingar
4. Reglugerðarbreytingar í samráðsgátt
5. Samþykktir sveitarfélaga
6. Önnur mál

1. Ný heilbrigðisnefnd tekur til starfa

Á fundi sínum þann 30. júní síðastliðinn fjallaði stjórn SSNE um skipan Heilbrigðisnefndar Norðurlands eystra og eftirfarandi tilnefning staðfest:

Aðalmenn:

Þórhallur Harðarson, *Akureyrarbæ*

Ásrún Ýr Gestsdóttir, *Akureyrarbæ*

Ómar Gunnarsson, *Norðurþingi*

Anna Karen Úlfarsdóttir, *Svalbarðsstrandarhreppi*

Sigríður Friðný Halldórsdóttir, *Langesbyggð*

Varamenn

Arna Rut Gunnarsdóttir, *Akureyrarbæ*

Sindri S. Kristjánsson, *Akureyrarbæ*

Ágúst Sigurður Óskarsson, *Norðurþingi*

Jóhanna María Oddsdóttir, *Hörgársveit*

Arna Hjörleifsdóttir, *Þingeyjarsveit*

Fulltrúi atvinnurekenda í nefndinni er Kristín Halldórsdóttir, varamaður er Sigurgeir Höskuldsson

Lögð var fram tillaga um að Þórhallur Harðarson taki að sér formennsku í nefndinni og var hún samþykkt samhljóða. Ný heilbrigðisnefnd er boðin velkomin til starfa.

2. Starf heilbrigðisnefndar og heilbrigðiseftirlits

Leifur Þorkelsson fór yfir helstu lög og reglugerðir er varða starf heilbrigðisnefndar og heilbrigðiseftirlits. Kynntur var samstarfssamningur aðildarsveitarfélaganna um rekstur heilbrigðiseftirlits og farið yfir helstu mál sem eru til meðferðar hjá nefndinni.

3. Fyrirhugaðar lagabreytingar

Þann 19. júní 2026 samþykkti Alþingi lög um breytingar á ýmsum lögum sem fela í sér að núverandi fyrirkomulag heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga fellur niður frá og með 1. janúar 2027.

Samkvæmt þeim breytingum er gert ráð fyrir að verkefni á sviði hollustuhátta og mengunarvarna flytjist til Umhverfis- og orkustofnunar (UOS) og að heilbrigðisnefndir sveitarfélaga verði lagðar niður. Þann sama dag voru samþykkt á Alþingi lög um Stofnun atvinnuveganna (SA) sem mæla fyrir um sameiningu Matvælastofnunar, Fiskistofu og Verðlagsstofu skiptaverðs frá og með 1. janúar 2027 og jafnframt að matvælaeftirlit heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga flytjist til SA frá sama tíma.

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir þörf á formlegu umboði til að hefja undirbúning að uppsögnum og lokunum samninga (þ.m.t. húsaleigusamninga, þjónustusamninga og ráðningarsamninga starfsmanna) í samræmi við lögbundinn uppsagnarfrest og framvindu yfirfærslunnar til ríkisstofnana.

Heilbrigðisnefnd leggur áherslu á að starfsemi HNE verði óskert til 31. desember 2026, að hagsmunir starfsfólks verði tryggðir, að fjárhagslegar skuldbindingar sveitarfélaganna verði skýrðar og að fyrir liggi heildstæð tillaga um þau verkefni sem áfram verða á ábyrgð sveitarfélaga fyrir 1. október 2026.

Heilbrigðisnefnd samþykkir að veita framkvæmdastjóra HNE umboð til að taka nauðsynlegar ákvarðanir og grípa til ráðstafana er varða uppsagnir eða endurskoðun á samningum embættisins, þ.m.t. húsaleigusamningum, rekstrarsamningum og ráðningarsamningum starfsfólks, í samræmi við ákvæði gildandi laga og kjarasamninga.

4. Reglugerðarbreytingar í samráðsgátt

Í tengslum við boðaðar lagabreytingar um breytt fyrirkomulag eftirlits með hollustuháttum og mengunarvörnum og niðurlagningu heilbrigðisnefnda hefur Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið lagt fram drög að breytingum á 57 reglugerðum í samráðsgátt stjórnvalda.

Heilbrigðisnefnd hvetur sveitarfélög á starfssvæði HNE til að kynna sér drögin sérstaklega og skila inn umsögnum telji þau tilefni til. Sérstök athygli er vakin á fyrirhugaðri niðurfellingu 3. mgr. 18. gr. reglugerðar nr. 903/2024 um hollustuhætti, sem nú hefur að geyma heimild heilbrigðisnefndar til að láta fjarlægja númerslausar bifreiðar, bílflök og sambærilega hluti að undangenginni viðvörun.

Frestur til að skila inn athugasemdum er til 17. ágúst nk.

5. Samþykktir sveitarfélaga

Boðaðar lagabreytingar kalla á yfirferð og breytingar á samþykktum sveitarfélaga sem settar eru á grundvelli laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Til dæmis samþykkt um umgengni og þrífnað, samþykktum um hunda- og kattahald, samþykktum um meðhöndlun úrgangs, samþykktum um sorphirðu og lögreglusamþykktum.

Heilbrigðisnefnd hvetur sveitarfélög á starfssvæði HNE til að hefja þegar kortlagningu á gildandi samþykktum sem tengjast hollustuháttum, mengunarvörnum, umgengni, dýrahaldi, úrgangsmálum, sorphirðu og öðrum staðbundnum verkefnum.

Nefndin leggur til að sveitarfélögin hafi samráð sín á milli, eftir því sem við á, til að tryggja samræmda nálgun á svæðinu og draga úr hættu á ólíkri framkvæmd milli sveitarfélaga.

6. Önnur mál

- Rætt var um að næsti fundur nefndarinnar yrði haldinn um eða eftir miðjan ágúst

Fundi slitið kl. 12:00

Undirritunarsíða

Formaður Heilbrigðisnefndar
Þórhallur Harðarson

Fulltrúi í Heilbrigðisnefnd
Anna Karen Úlfarsdóttir

Fulltrúi í Heilbrigðisnefnd
Ómar Gunnarsson

Fulltrúi í Heilbrigðisnefnd
Ásrún Ýr Gestsdóttir

Fulltrúi í Heilbrigðisnefnd
Sigríður Friðný Halldórsdóttir

Fulltrúi í Heilbrigðisnefnd
Kristín Halldórsdóttir

Framkvæmdarstjóri HNE
Leifur Þorkelsson